

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 79. fundur.

að Hlíðavegi 6, MIÐVIKUDAGINN 26. MAÍ 2010, kl. 13:00.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ársreikningur 2009, síðari umræða.
3. Framlagning kjörskrár v/sveitarstjórnarkosninga 29. maí.
4. Fundargerð Veitnanefndar dags. 19. maí.
5. Styrkbeiðni frá Stofnun Árna Magnússonar.
6. Erindi frá Péttri Snæbjörnssyni f.h. Sóknarnefndar Reykjahlíðarsóknar v/ lóðamála við Reykjahlíðarkirkju.
7. Erindi frá Þórði H. Ólafssyni f.h. Vatnajökulspjóðgarðs þar sem óskað er umsagnar um tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs ásamt umhverfisskýrslu.
8. Erindi frá nefndarsviði Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til barnaverndarlaga, 557. mál.
9. Erindi frá nefndarsviði Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um orlof húsmæðra, 77. mál.
10. Styrkbeiðni frá Landgræðslu ríkisins v/verkefnisins Bændur græða landið.
11. Erindi frá Norðurþingi v/tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.
12. Úlfaldi úr Mýflugu, styrkbeiðni.
13. Kórastefna við Mývatn, styrkbeiðni.
14. Lóðaleigusamningur v/vatnstanks.
15. Styrkur til Slysavarnard. Hrings.
16. Afskriftir.
17. Ráðning í stöðu skólastjóra Tónlistarskólans.

**Til kynningar:**

**Fundargerðir VERKNAUST, 4, 5, 6, 7, 8, 9 og 10 fundar.**

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 12, 13, 14, 15, og 16 yrði bætt á dagskrána.

Samþykkt samhljóða.

**2. Ársreikningur 2009, síðari umræða.**

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 286,1 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 287,8 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 278,8 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 265,9 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,28% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,625% vegna íbúðarhúsnæðis og 1,65% vegna atvinnuhúsnæðis sem er lögbundið hámark þess. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 14,4 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 11,4 millj. kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 6,3 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 6,4 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 389,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 309,3 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 153,8 millj. kr. en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 32 stöðugildum.

Íbúafjöldi Skútustaðahrepps 1. desember 2009 var 374 og fækkaði um fjórtán frá fyrra ári.

Kjörnir skoðunarmenn hafa haft samband við sveitarstjóra og tjáð honum að þeir geri ekki athugasemdir við reikninginn að öðru leit en verið hefur þ.e. að það sé ekki forsvaranlegt og með öllu óþolandi að enn standi stórar upphæðir út af vegna óinnheimtra tekna af sölu á heitu vatnis.

**3. Framlagning kjörskrár v/sveitarstjórnarkosninga 29. maí.**

Kjörskrá liggur nú frammi almenningi til sýnis. Á kjörskrá eru 292, 141 kona og 151 karl. Berist ekki athugasemdir við kjörskrána eins og hún liggur fyrir felur sveitarstjórn sveitarstjóra að undirrita hana og afhenda kjörstjórn.

**4. Fundargerð Veitnanefndar dags. 19. maí.**

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að hitaveitulögnin austan við dæluhúsið við Garð hefur í nokkur skipti frá því í haust verið að fara i sundur. Bilanirnar hafa verið á 2-300 m kafla. Veitnanefnd leggur til við sveitarstjórn að endurnýja þennan hluta lagnarinnar. Í þriðja lið fundargerðarinnar hvetur nefndin sveitarstjórn til að ljúka ágreiningsmáli á milli hitaveitunnar og landeigenda í Vogum, ásamt því að óska eftir upplýsingum um stöðu þess máls.

Sveitarstjórn samþykkir annan lið fundargerðarinnar. Varðandi þriðja liðinn þá getur sveitarstjórn upplýst að mikið hefur verið unnið í málinu en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir mun ekki takast að ljúka því á þessu kjörtímabili. Vonir eru þó bundnar við að málið sé komið á lokastig.

**5. Styrkbeiðni frá Stofnun Árna Magnússonar.**

Í bréfi dags. 7. maí frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum kemur fram að í haust eru liðin 100 ár frá því að skipuleg örnefnasöfnun hófst hér á landi. Elsta varðveitta örnefnalýsingin í örnefnasafni stofnunarinnar var rituð 29. október 1910. Í tilefni af aldarafmælinu hyggst stofnunin gefa út úrval 100 örnefna vítt og breitt um landið í formi ferðahandbókar. Þar sem um kostnaðarsamt verkefni er óskað eftir fjárstuðningi sveitarfélaga við verkefnið. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

**6. Erindi frá Péttri Snæbjörnssyni f.h. Sóknarnefndar Reykjahlíðarsóknar v/ lóðamála við Reykjahlíðarkirkju.**

Með bréfi dags. 14. maí óskar Pétur Snæbjörnsson f.h. Sóknarnefndar Reykjahlíðarsóknar eftir liðsinni sveitarfélagsins til að ljúka lóðamálum undir kirkjuna og kirkjugarðinn en ekki hafa náðst samningar við landeigendur Reykjahlíðar þar um.

Samþykkt að fela Kristjáni að funda með hlutaðeigandi. Sveitarstjóri vék að fundi undir þessum lið.

**7. Erindi frá Þórði H. Ólafssyni f.h. Vatnajökulspjóðgarðs þar sem óskað er umsagnar um tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs ásamt umhverfisskýrslu.**

Með bréf dags. 12. maí er sveitarfélaginu gefin kostur á að koma með athugasemdir við hjálagða tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, ásamt umhverfisskýrslu. Athugasemdafrestur er til og með 24. júní.

Sveitarstjóra falið að koma athugasemdum á framfæri.

**8. Erindi frá nefndarsviði Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til barnaverndarlaga, 557. mál.**

Sveitarstjórn mun ekki veita umsögn um frumvarpið.

**9. Erindi frá nefndarsviði Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um orlof húsmæðra, 77. mál.**

Sveitarstjórn mun ekki veita umsögn um frumvarpið.

**10. Styrkbeiðni frá Landgræðslu ríkisins v/verkefnisins Bændur græða landið.**

Með bréfi dags. 6. maí óskar Landgræðsla ríkisins eftir 300.000,- kr. fjárframlagi frá sveitarfélaginu til verkefnisins Bændur græða landið. Með bréfinu fylgir listi yfir þá bændur í Skútustaðahreppi sem taka þátt í þessu landbótaverkefni.

Sveitarstjórn samþykkir erinið.

#### **11. Erindi frá Norðurþingi v/tilfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.**

Með bréfi dags. 7. maí fer byggðarráð Norðurþings þess á leit við sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum að Norðurþing verði leiðandi sveitarfélag í þjónustu við fatlaða, þar sem sú þjónusta verður frá og með næstu áramótum færð frá ríki til sveitarfélaga. Samþykki sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum að verða þátttakendur í þessu verkefni mun Norðurþing óska eftir undanþágu vegna íbúafjölda þjónustusvæðisins. Til þess að þetta geti gengið eftir er nauðsynlegt að sveitarfélögin haldi áfram lögnum og farsælu samstarfi í félags- og skólaþjónustu og óskar byggðarráð eftir staðfestingu þar um. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir fyrir sitt leyti ósk Norðurþings að verða leiðandi sveitarfélag í þjónustu við fatlaða og telur rétt að láta reyna á undanþáguákvæði vegna íbúafjölda þjónustusvæðisins. Þá telur sveitarstjórn mikilvægt að það góða samstarf sem sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa með sér m.a. í félags- og skólaþjónustumálum, haldi áfram ekki síst í ljósi þess að ríkisvaldið hyggst í framtíðinni færa fleiri málaflokka yfir til sveitarfélaganna.

#### **12. Úlfaldi úr Mýflugu, styrkbeiðni.**

Með bréfi dags. 25. maí, óskar Elísabet Sigurðardóttir f.h. aðstandenda tónleikahátíðarinnar Úlfaldi úr mýflugu eftir styrk vegna hátíðarinnar sumarið 2010 sem haldin verður 9-10 júlí.

Sveitarstjórn samþykkir styrk kr. 50.000,-

#### **13. Kórastefna við Mývatn, styrkbeiðni.**

Með bréfi dags. 25. maí óskar Margrét Bóasdóttir f.h. Kórastefnu við Mývatn eftir peningaframlagi vegna hátíðarinnar í ár kr. 100.000,-. Í bréfinu kemur fram að Kórastefnan í ár verði með minna sniði en undanfarin ár og kemur þar meðal annars til efnahagsástand þjóðarinnar og því erfiðara en oft áður að sækja styrki. Þar sem umfangið verður minna er ekki þörf á aðstöðu í skólanum né íþróttahúsinu með tilheyrandi vinnuframlagi starfsmanna sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu.

#### **14. Lóðaleigusamningur v/vatnstanks.**

Fyrir fundinum liggur lóðaleigusamningur á milli sveitarfélagsins og Landeigenda Reykjahlíðar vegna lóðar undir vatnstank. Smávægilegar breytingar þarf að gera á samningnum, að þeim loknum er oddvita falið að skrifa undir samninginn.

Sveitarstjóri vék af fundi við afgreiðslu málsins.

#### **15. Styrkur til slysavarnard. Hrings.**

Vegna mikils kostnaðar við endurbætur á húsnæði Slysavarnardeildarinnar Hrings hefur sveitarstjórn ákveðið að færa félaginu að gjöf kr. 300.000,-

**16. Afskriftir.**

Með bréfi leggur endurskoðandi sveitarfélagsins til að afskrifaðar verði gamlar kröfur í bókhaldi síðan fyrir árið 2000. Afskriftir þessar hafa engin áhrif á rekstur sveitarfélagsins þar sem búið er að gera ráð fyrir því að kröfurnar innheimtist ekki.

Sveitarstjórn samþykkir að afskrifa kröfur upp á kr. 3.336.579.-

**17. Ráðning í stöðu skólastjóra Tónlistarskólans.**

Til fundarins mætir Svavar Sigurðsson en hann var einn þeirra sem sótti um auglýsta stöðu skólastjóra Tónlistarskólans. Ýmislegt rætt og spurt á báða bóga.

Sveitarstjórn samþykkir að ráða Svavar til starfans til eins árs. Sveitarstjóra falið að ganga frá ráðningarsamningi.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson.